

619. fundur haldinn mánudaginn 13. mars 2000 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mættir:

Tómas Ingi Olich, formaður
Jón Kristjánsson, varaformaður
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Magnús Oddsson, ferðamálsstjóri

1. Fundargerð 618. fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Bréf samgönguráðherra vegna fjárhagsáætlunar 2000

Afgreiðsla: Samþykkt var að í svarbréfi yrði skýrt út að vöntun stafaði af því að fjárveiting vegna upplýsingasamfélagsins hefði ekki verið á fjárlögum ársins 2000 eins og fyrra ár.

3. Erindi samgönguráðuneytis.

Óskað eftir tilnefningu í starfshóp vegna úthlutunar fjár til markaðsaðgerða.

Afgreiðsla: Haukur Birgisson markaðsstjóri tilnefndur

4. Afgreiðsla umsókna um styrki til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lögð var fram tillaga umhverfisfulltrúa að afgreiðslu.

Afgreiðsla: Tillaga umhverfisfulltrúa samþykkt.

5. Erindi Alþingis.

Óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag ferðamála.

Afgreiðsla: Í umsögn komi fram sú skoðun Ferðamálaráðs að rétt sé að vista nám leiðsögumanna í menntamálaráðuneytinu en jafnframt verði tryggt að námið verði á háskólastigi.

6. Erindi Alþingis

Óskað er umsagnar um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.

Afgreiðsla: Samþykkt var að ferðamálastjóri bæri saman þær kröfur sem eru í umræddu frumvarpi og tilskipun Evrópusambandsins um málefnið. Leggja áherslu á að ekki verði gerðar meiri kröfur hvað varðar fyrirtæki í ferðaþjónustu, sem hefði í för með sér aukinn kostnað fyrirtækjanna.

7. Erindi Alþingis.

Óskað er umsagnar um þingsályktun um aðild Íslands að Schengensamstarfinu.

Afgreiðsla: Samþykkt að senda jákvæða umsögn um málefnið. Í umsögninni yrði bent á hagsmuni ferðaþjónustunnar m.a. að samkomulagið mætti ekki hafa neikvæð áhrif á afgreiðslu tengiflugs í Leifstöð og mikilvægi þess að hugsanlegur aukinn kostnaður vegna samningsins legðist ekki á ferðaþjónustufyrirtækin. Þá yrði bent á þau neikvæðu áhrif samningsins að ekki yrði lengur unnt að telja erlenda gesti sem til landsins koma eins og verið hefur.

8. Ráðgjafahópur í umhverfismálum.

Formaður kynnti þá hugmynd að setja á stofna ráðgjafahóp sem ráðið og starfsmenn gætu nýtt við ákvarðanir sem snerta framtíðaruppbyggingu á ferðamannastöðum.

Afgreiðsla: Formanni veitt umboð til að velja slíkan 3 - 4 manna hóp.

9. Erindi Landverndar.

Óskað er eftir aðild Ferðamálaráðs að ráðstefnu um náttúruvernd og þjóðgarða.

Afgreiðsla: Samþykkt að verða við beiðninni og var Jón Kristjánsson varaformaður tilnefndur af hálfu ráðsins sem tngiliður við Landvernd um málið.

10. Samningur Norðurlandanna og Kína vegna ferðamála.

Óskað er eftir því að Ísland taki þátt í því ásamt Noregi, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð að vinna að

gerð samnings við ferðamálayfirvöld í Kína, sem auðveldi ferðamönnum þaðan að heimsækja Norðurlöndin.

Afgreiðsla: Samþykkt, enda liggja fyrir samþykki samgönguráðherra um málið.

11. Önnur mál

a) Ferðamálastjóri dreifði reikningi STI fyrir árið 1999.

b) Pétur Rafnsson lagði fram hugmyndir varðandi samninga um rekstur upplýsingamiðstöðva.

Afgreiðsla: Frestað.

c) Pétur Rafnsson lagði fram til kynningar efni frá Menntaskólanum í Kópavogi varðandi nám í ferðamálagreinum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:15